HÚSAFRIÐUNARNEFND







# ÁRSSKÝRSLA 2009

# Ávarp



Menningararfur þjóðarinnar getur haft miklu hlutverki að gegna í áætlunum um enduruppbyggingu samfélagsins. Minjavarsla í víðum skilningi snýst ekki aðeins um fortíðina heldur getur átt stóran hlut í endurreisn samfélagsins til framtíðar. Auðvelt er að sýna fram á að fjárfesting í menningararfinum er umhverfisvæn, sjálfbær og mælanlega árangursrík lausn á niðursveiflu. Endurbætur á eldri byggingum skapa hlutfallslega fleiri störf en nýbyggingar, sé miðað við kostnað, auk þess sem sögulegar byggingar liggja hjörtum íbúa nær en nýbyggingar og gefa góða staðarímynd. Fólki líður vel í sögulegu umhverfi.

Því hefur verið haldið fram að efnahagslegar lægðir séu góðar fyrir húsvernd, því þá minnki fjárráð til nýbygginga og meiri áhersla sé lögð á viðhald og endurbætur á þeim húsakosti sem fyrir er í landinu. Sé tekið mið af fjölda umsókna í Húsafriðunarsjóð og fyrirspurna til skrifstofu Húsafriðunarnefndar má leiða líkur að því að í þessu felist sannleikskorn. Þeim sem ekki er tamt að setja húsvernd á oddinn og sáu eldri húsum allt til foráttu í undangengnu góðæri sökum þess að þau stæðu í vegi fyrir „eðlilegri þróun og nýbyggingum", sjá nú tækifæri í eldri byggð og snúa sér í auknum mæli að viðhaldi og endurbótum á henni. Um mikilvægi þess að viðhalda og varðveita til næstu kynslóða þeim hluta byggingararfsins, sem talinn er hafa varðveislugildi, er óþarfi að fjölyrða hér. Þetta er öllum ljóst, en hins vegar eru margir tilbúnir að slaka á kröfum um varðveislu þegar staðið er frammi fyrir möguleikanum á skjótfengnum gróða. Þannig hefur ótöldum listaverkum á sviði byggingarlistar sem og óbætanlegum þjóðminjum verið breytt eða þau hafa beinlínis horfið af sjónarsviðinu undanfarin ár en við það hefur umhverfi okkar, sérstaklega í þéttbýli, hlotið skaða af.

Skipta má örvandi áhrifum menningararfsins á efnahagsbata í niðursveiflu, í þrjú meginatriði:

**Í fyrsta lagi er um efnahagslegan ávinning að ræða**. Framkvæmdir við endurnotkun, endurbætur og varðveislu byggingararfsins eru hlutfallslega mannfrekari en nýframkvæmdir og stuðla því að meiri atvinnu allt í kringum landið en efniskostnaður er aftur á móti mun minni. Reynslan sýnir að opinberir styrkir og afslættir af opinberum gjöldum vegna slíkra framkvæmda laða fram margfaldað framlag frá einkaaðilum. Fjárfesting í menningararfi hefur bein áhrif á vöxt menningartengdrar ferðaþjónustu sem leiðir til efnahagslegra hagsbóta þegar horft er til framtíðar.

**Í öðru lagi er um að ræða umhverfislegan ávinning.** Hefðbundin byggingarefni eru í öllum aðalatriðum vistvæn. Viðhald eldri húsakosts stuðlar ekki einungis að varðveislu þeirrar orku og byggingarefna sem nýtt voru við byggingu hússins, heldur minnkar það þörfina á óvistvænni förgun og framleiðslu nýrra efna.

**Í þriðja lagi kemur til félagslegur og menningarlegur ávinningur**. Skilningur og umhyggja fyrir menningararfi þjóðarinnar eykst stöðugt, jafnvel í efnahagslegum óstöðugleika. Fólki er annt um sína arfleifð. Sagan og menningararfurinn eru samofin hugmyndum okkar og tilfinningum fyrir umhverfinu, bæði nærumhverfi og landsins alls. Sameiginlegur menningararfur skipar stóran sess í samheldni samfélaga og er því mikilvægur áhrifavaldur á lífsgæði.

Nýlegt úrræði að fella niður virðisaukaskatt af viðhaldi fasteigna ásamt skattaívilnunum er mikilvægt skref í þessu samhengi en jafnframt er kallað eftir því að sjóðir sem veita styrki til endurbóta á eldri byggingum verði efldir. Menningararfurinn er árangursríkt verkfæri til örvunar efnahagslegrar endurreisnar og atvinnusköpunar.



## Húsafriðunarnefnd

Í Húsafriðunarnefnd eiga sæti Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, sem er formaður nefndarinnar, Pétur H. Ármannsson arkitekt, sem er varaformaður, Einar Njálsson verkefnastjóri í Félagsmálaráðuneyti og Guðmudur Þór Guðmundsson framkvæmdastjóri Kirkjuráðs.

Varamenn eru þau Gylfi Guðjónsson arkitekt, Ingunn Guðmundsdóttir, deildarstjóri, Júlíana Gottskálksdóttir forstöðumaður Listasafns Einars Jónssonar, Guðrún Kristinsdóttir ritari í Háskólanum á Akureyri og Lýður Pálsson safnstjóri.

Júlíana Gottskálksdóttir hefur setið fundi nefndarinnar frá því Nikulás Úlfar Másson var skipaður forstöðumaður þann 1. nóvember 2007.

Þjóðminjavörður hefur rétt til setu á fundum nefndarinnar.

## Húsafriðunarsjóður

Húsafriðunarnefnd stjórnar Húsafriðunarsjóði, en hlutverk sjóðsins er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum og til húsa sem hafa menningarsögulegt og listrænt gildi að mati Húsafriðunarnefndar. Sjóðurinn styrkir einnig verkefni sem stuðla að rannsóknum á íslenskum byggingararfi og útgáfu rita um hann.

Húsafriðunarnefnd úthlutar styrkjum úr Húsafriðunarsjóði samkvæmt reglugerð um sjóðinn.

Umsóknarfrestur í sjóðinn skal að jafnaði hefjast 1. október ár hvert og þurfa umsóknir að berast fyrir 1. desember.

Fjárframlög til sjóðsins koma annars vegar af fjárlögum og hins vegar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

## Starfssvið Húsafriðunarnefndar

Húsafriðunarnefnd ríkisins starfar samkvæmt lögum um húsafriðun nr. 104/2001 og húsafriðunarreglugerð. Tilgangur laganna er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi. Hlutverk Húsafriðunarnefndar er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar. Því hlutverki sinnir hún með margvíslegum hætti, m.a. með því að:

- móta stefnu í húsverndunarmálum,
- meta hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til menntamálaráðherra,
- fara yfir umsóknir um breytingar, viðhald og endurbætur á friðuðum húsum,
- hafa eftirlit með friðuðum húsum og þeim framkvæmdum sem nefndin styrkir,
- gefa álit á áformum um breytingar, flutning eða niðurrif húsa sem reist eru milli 1850 og 1918,
- stjórna húsafriðunarsjóði og veita úr honum styrki samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins,
- halda skrá yfir friðuð hús í landinu,
- veita ráðgjöf og fræðslu um viðhald og varðveislu gamalla húsa,
- stuðla að gerð húsakannana og útgáfu þeirra,
- standa fyrir byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

## Starfsmenn Húsafriðunarnefndar

Forstöðumaður Húsafriðunarnefndar er Nikulás Úlfar Másson.

Aðrir starfsmenn: Guðlaug Vilbogadóttir fornleifafræðingur, Jón Pálsson sérfræðingur og Guðmundur Lúther Hafsteinsson arkitekt.

Í apríl 2009 var vinnuhlutfall Guðmundar Lúthers Hafsteinssonar aukið úr 40% í 70%.

Jón Pálsson, sem unnið hafði hjá Húsafriðunarnefnd óslitið frá 2003, lét af störfum í apríl 2009. Sem sjálfstætt starfandi teiknari hefur hann tekið að sér uppmælingu og teikningu friðaðra húsa fyrir Húsafriðunarnefnd.

Kristrún Úlfarsdóttir var ráðin tímabundið í skráningarvinnu.

# Starfsemi 2009



*Gaulverjabæjarkirkja*



*Stóra- Laugardalskirkja Tálknafirði*



*Heilsuverndarstöðin í Reykjavík*

Haldnir voru 11 fundir í Húsafriðunarnefnd á árinu 2009. Í samræmi við lög um húsafriðun hafði nefndin afskipti af og veitti umsagnir vegna breytinga á fjölmörgum friðuðum og varðveisluverðum húsum, auk þess að veita ráðgjöf um endurbætur á húsum vítt og breytt um landið. Að auki gerði Húsafriðunarnefnd athugasemdir við deili- og aðalskipulög í fjölmörgum sveitarfélögum. Of langt mál yrði að telja upp öll þau hús sem Húsafriðunarnefnd hafði afskipti af á árinu, en af friðuðum kirkjum skulu eftirfarandi nefndar: Reykholtskirkja (upphitun o.fl.) Þingvallakirkja (umhverfi), Gaulverjabæjarkirkja (endurbætur ytra byrðis), Hraungerðiskirkja í Flóa (endurbætur innan húss), Hvammskirkja í Norðurárdal (endurbætur ytra byrðis), Stafholtskirkja (endurbætur ytra byrðis), Blönduóskirkja (málun), Dagverðarneskirkja (endurbætur ytra byrðis), Kaldrananeskirkja (endurbætur), Búrfellskirkja í Grímsnesi (endurbætur ytra byrðis) og Stóra Laugardalskirkja í Tálknafirði (endurbætur ytra byrðis). Af friðuðum húsum sem komu til kasta Húsafriðunarnefndar á árinu skulu nefnd: Norræna húsið (endurhönnun afgreiðslu í veitingasal), Miðbæjarskólinn (breytingar innan húss), Vaktarabærinn Garðastræti 23 (endurbygging), Heilsuverndarstöðin (innréttingar í annddyrum), Austurstræti 16 (innréttingar á jarðhæð), Landakotsskóli (skoðaður innanhúss), Gröndalshús Vesturgötu 16B (flutningur), Íþaka (flóttaleiðir) og Viðeyjarstofa (flóttaleiðir), öll í Reykjavík og að auki Héraðsskólinn á Laugarvatni (breytingar innan húss),Gunnarshús á Skriðuklaustri (breytingar á veitingastofu), Hríseyjarviti (fjarskiptabúnaður), Faktorshús í Neðstakaupsstað á Ísafirði (skilti ). Þá komu erindi um fjölmörg önnur hús til afgreiðslu hjá



Gunnarshús, Skriðuklaustri, Fljótsdal



Ólafsdalur í Dölum



Menntaskólinn í Reykjavík og Íþaka

Húsafriðunarnefnd. Af þeim skal helst nefna: Grundarstígur 10 (endurbætur og breytingar), Brúarland, Menntaskóli Mosfellsbæjar (endurbætur og breytingar), gamli Búnaðarskólinn í Ólafsdal (breytingar innan húss), Laugarnesskóli í Reykjavík, (breytingar innan húss), Tjarnarbíó í Reykjavík (breytingar innan húss), Kirkjustræti 4-8 í Reykjavík (ný tengibygging og endurbætur), Tryggvagata 10 í Reykjavík (niðurrif og nýbygging), Bergstaðastræti 20 (endurbætur), Búðarstígur 14A á Eyrarbakka (endurbætur), Tyrfingsstaðir á Kjálka í Skagafirði (endurbygging), Suðurgata 38 í Hafnarfirði (endurbætur ytra byrðis), Hellubraut 7 í Hafnarfirði (mat á varðveislugildi).

Framhald var á góðu samstarfi Húsafriðunarnefndar og skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar um gerð deiliskipulags í Reykjavík. Þann 13. febrúar mættu Helgi Hjálmarsson arkitekt, Björn Helgason byggingafræðingur og Ingvi Pétursson rektor á fund nefndarinnar og kynntu tillögu að deiliskipulagi MR-reits. Síðar á árinu fór nefndin í vettvangsskoðun um svæði skólans. Aðrar deiliskipulagstillögur sem voru til umfjöllunar í Húsafriðunarnefnd árið 2009 voru deiliskipulag lóðar Vogaskóla, horn Austurstrætis og Lækjargötu, Alþingisreitur, Túngötureitur, Framnesvegsreitur, Urðarstígsreitir og Lokastígsreitir. Að auki veitti forstöðumaður ráðgjöf vegna deiliskipulagstillögu í Stykkishólmi. Þá voru tvær aðalskipulagstillögur sendar til Húsafriðunarnefndar til umsagnar, aðalskipulag Helgafellssveitar og Norðurþings.



Tyrfingsstaðir á Kjálka, Skagafirði

Til Húsafriðunarnefndar bárust eftirfarandi erindi um niðurrif húsa:

Oddagata 3, Seyðisfirði – skúrar á baklóð
Tryggvagata 10, Reykjavík
Vatnsstígur 4, Reykjavík
Lækjargata 13, Akureyri
Hafnargata 47, Bolungarvík
Fjarðargata 34 og 34A, Þingeyri
Goðabraut 12, Dalvík
Aðalstræti 74, Akureyri
Skáli, Berufirði
Sauðafell í Dölum



Fornleifauppgröftur á lóð Aðalstrætis 22 í Reykjavík

Um afgreiðslur allra ofantaldra erinda vísast í fundargerðir Húsafriðunarnefndar.

# Innra starf á árinu 2009

## Heimasíða

Samningur var gerður við Hugsmiðjuna um gerð heimasíðu og við Loftmyndir, árið 2008, um afnot af loftmyndum þar sem hægt er að skoða öll friðuð hús á landinu og umhverfi þeirra. Ný heimasíða Húsafriðunarnefndar var opnuð í október 2008. Á árinu 2009 var unnið áfram við þróun heimasíðunnar með það að markmiði að helstu upplýsingar er varða húsafriðun og húsvernd verði aðgengilegar almenningi á heimasíðu Húsafriðunarnefndar.



*Skrá yfir friðuð hús*

## Skrá yfir friðuð hús

Tekin var saman skrá yfir friðuð hús á Íslandi og er hún aðgengileg á heimasíðunni. Verið er að fullvinna skrána, þ.e. með viðeigandi upplýsingum um hvert hús ásamt ljósmynd. Á árinu 2009 voru fullskráð á heimasíðuna öll friðuð hús utan höfuðborgarsvæðisins og Reykjaness.



*Eyðublað til húsaskráninga*

## Skrá yfir hús sem hlotið hafa styrk úr Húsafriðunarsjóði

Settir hafa verið listar á heimasíðu nefndarinnar yfir öll hús sem hlotið hafa styrki úr Húsafriðunarsjóði frá árinu 1997. Unnið er að því að gera allar úthlutanir úr Húsafriðunarsjóði, frá því er hann var stofnaður árið 1975, aðgengilegar á heimasíðu Húsafriðunarnefndar.

## Umsóknareyðublað fyrir Húsafriðunarsjóð

Nýtt umsóknareyðublað fyrir Húsafriðunarsjóð sem gerir umsækjendum kleift að sækja um styrk til sjóðsins á heimasíðu Húsafriðunarnefndar var lagfært enn frekar á árinu. Allt miðar að því að einfalda umsóknarferlið eins og framast er kostur. Þótti það gefa góða raun.



*Gagnagrunnur Húsafriðunarnefndar*

## Leiðbeiningarrit um gerð húsakannana

Áfram var haldið vinnu við gerð leiðbeininga um gerð húsakannana sem hefur það að markmiði að gera þeim aðilum sem taka að sér að vinna húsakannanir auðveldara að vinna eftir þeim auk þess sem mikilvægt þykir að allir vinni samkvæmt sama kerfi. Að höfðu samráði við Hönnu Rósu Sveinsdóttur hjá Minjasafni Akureyrar, Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur borgarminjavörð og Guðmund Lúther Hafsteinsson arkitekt, var gefinn út geisladiskur með eyðublaði til húsaskráninga og leiðbeiningum um notkun kerfisins, í júní 2009. Var geisladiskurinn afhentur þeim aðilum sem sótt höfðu um styrk til Húsafriðunarsjóðs til að gera húsakannanir. Nú er verið að vinna húsakannanir samkvæmt þessu nýja skráningarkerfi m.a. í Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Ísafjarðarbæ og Vesturbyggð.

## Úthlutunarreglur fyrir Húsafriðunarsjóð

Forstöðumaður lagði fram nýjar úthlutunarreglur fyrir Húsafriðunarsjóð á fundi Húsafriðunarnefndar í október árið 2008, til samþykktar. Menntamálaráðherra staðfesti þær þann 28. janúar 2009. Úthlutunarreglurnar hafa verið settar á heimasíðu nefndarinnar.

## Skjalavarsla

Tekið var upp nýtt kerfi í vörslu skjala Húsafriðunarnefndar, bæði er varðar stafræna- og skjallega vörslu á árinu 2008. Stofnað var gagnasafn Húsafriðunarnefndar, þar sem m.a. öll erindi, gömul og ný, fá sérstakt númer. Tölvu- og verkfræðiþjónustan var fengin til að gera nýjan gagnagrunn á tölvutæku formi í FileMaker. Hefur þessi vinna létt til muna alla afgreiðslu á skrifstofu Húsafriðunarnefndar auk þess sem varðveisla gagna er tryggð til framtíðar.

# Útgáfa





*Kirkjur Íslands, 13. og 14. bindi*

Á árinu komu út tvö ný bindi, nr. 13 og 14, í ritröðinni Kirkjur Íslands. Kirkjur Íslands eru gefnar út í samstarfi við Biskup Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og Hið íslenska bókmenntafélag. Samkvæmt samningi sem undirritaður var þann 1. nóvember 2008 teljast Húsafriðunarnefnd, Þjóðminjasafn og Biskupsstofa aðalútgefendur ritraðarinnar og höfundarrétthafar ásamt höfundum og Hið íslenska bókmenntafélag meðútgefandi um prentun, kynningu og dreifingu ritraðarinnar. Gert er ráð fyrir að fullbúin verði ritröðin 26 bækur og að sú síðasta verði gefin út árið 2015.

Í bindum nr. 13 og 14 er fjallað um eftirtaldar friðaðar kirkjur, ásamt gripum og minningarmörkum í Borgarfjarðarprófastdæmi: Akrakirkja, Álftaneskirkja, Álftártungukirkja, Borgarkirkja, Hjarðarholtskirkja, Hvammskirkja, Stafholtskirkja, Akraneskirkja, Fitjakirkja, Gilsbakkakirkja, Hvanneyrarkirkja, Innra-Hólmskirkja, Leirárkirkja, Reykholtskirkja og Stóra-Áskirkja.

Höfundar eru Björk Ingimundardóttir, Geir Waage, Guðmundur L. Hafsteinsson, Guðrún Harðardóttir, Guðrún Sveinbjarnardóttir, Gunnar Bollason, Lilja Árnadóttir og Sigríður Björk Jónsdóttir.

Húsafriðunarnefnd lét gera sýningu upp úr bindum nr. 5 - 10, í ritröðinni Kirkjur Íslands, sem sett var upp í Snorrastofu í Reykholti 24. júlí 2009. Við opnun sýningarinnar fluttu erindi Þorsteinn Gunnarsson og Lilja Árnadóttir.

Áður hafa komið út eftirtalin rit í ritröðinni Kirkjur Íslands:

**Rit 1 (2001):** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Hrepphólakirkja, Hrunakirkja og Tungufellskirkja.

**Rit 2 (2002):** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Hraungerðiskirkja, Ólafsvallakirkja, Stóra-Núpskirkja og Villingaholtskirkja.

**Rit 3 (2002):** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Bræðratungukirkja, Búrfellskirkja, Miðdalskirkja, Mosfellskirkja og Torfastaðakirkja.

**Rit 4 (2003):** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Eyrarbakkakirkja, Gaulverjabæjarkirkja, Kotstrandarkirkja, Stokkseyrarkirkja, Strandarkirkja, Úlfljótsvatnskirkja og Þingvallakirkja.

**Rit 5 (2005):** Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi: Goðdalakirkja, Hvammskirkja, Ketukirkja, Reykjakirkja, Reynistaðarkirkja, Sauðárkrókskirkja, Silfrastaðakirkja, Sjávarborgarkirkja og Víðimýrarkirkja.

**Rit 6 (2005):** Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi: Barðskirkja, Fellskirkja, Grafarkirkja, Hofskirkja, Hofsstaðakirkja, Hóladómkirkja, Knappsstaðakirkja og Víðvíkurkirkja.

**Rit 7 (2006):** Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi: Árneskirkja, Kaldrananeskirkja, Kollafjarðarneskirkja, Staðarkirkja í Steingrímsfirði, Breiðabólstaðarkirkja, Kirkjuhvammskirkja, Staðarbakkakirkja, Staðarkirkja í Hrútafirði, Vesturhópshólakirkja og Víðidalstungukirkja.

**Rit 8 (2006):** Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi: Auðkúlukirkja, Bergsstaðakirkja, Blönduóskirkja, Bólstaðarhlíðarkirkja, Hofskirkja, Holtastaðakirkja, Svínavatnskirkja, Undirfellskirkja og Þingeyrakirkja.

**Rit 9 (2007):** Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi: Bakkakirkja, Bægisárkirkja, Glæsibæjarkirkja, Kvíabekkjarkirkja, Miðgarðakirkja, Möðruvallakirkja í Hörgárdal, Ólafsfjarðarkirkja, Tjarnarkirkja, Urðakirkja og Vallakirkja.

**Rit 10 (2007):** Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi: Akureyrarkirkja, Grundarkirkja, Hólakirkja, Lögmannshlíðarkirkja, Minjasafnskirkja, Munkaþverárkirkja, Möðruvallakirkja í Eyjafirði og Saurbæjarkirkja.

**Rit 11 (2008):** Friðaðar kirkjur í Kjalarnessprófastsdæmi: Hvalsneskirkja, Kálfatjarnarkirkja, Keflavíkurkirkja, Kirkjuvogskirkja, Krýsuvíkurkirkja, Landakirkja, Njarðvíkurkirkja og Útskálakirkja.

**Rit 12 (2008):** Friðaðar kirkjur í Kjalarnessprófastdæmi: Bessastaðakirkja, Brautarholtskirkja, Fríkirkjan í Hafnarfirði, Hafnarfjarðarkirkja, Lágafellskirkja, Reynivallakirkja, Saurbæjarkirkja á Kjalarnesi og Vindáshlíðarkirkja.

# Ráðgjöf, fræðsla og miðlun

**Háskóli Íslands** – Forstöðumaður kenndi á einu námskeiði við fornleifadeild Háskóla Íslands.

**Háskólinn á Hólum** – Forstöðumaður hélt fyrirlestur um húsvernd og húsafriðun fyrir nemendur í Háskólanum á Hólum.

**Bessastaðakirkja** – Formaður Húsafriðunarnefndar hélt fyrirlestur um Bessastaðakirkju og umdeildar breytingar sem gerðar voru á henni 1946-1948.

**Nesstofa** – Formaður Húsafriðunarnefndar veitti gestum leiðsögn um Nesstofu og fjallaði um byggingu hússins og nýlega endurgerð.



*Milliverk Bessastaðakirkju frá 1792. Tekin úr kirkjunni. Teikning Þorsteins Gunnarssonar*

**Námskeið** – Húsafriðunarnefnd stóð, ásamt Iðunni fræðslusetri, fyrir einu námskeiði um viðgerðir og endurbætur á gömlum húsum á árinu, í Reykjavík. Einnig kostaði nefndin einn fyrirlesara á námskeiði Völundarverks Reykjavíkurborgar.

**Útvarp/Sjónvarp** – Forstöðumaður veitti viðtöl í útvarpsþáttum um sögu Tryggvagötu, flutningshús í Reykjavík, endurbyggingu Höfða eftir bruna og Völundarverk Reykjavíkurborgar. Einnig gaf forstöðumaður álit á ýmsu er varðar byggingararf þjóðarinnar í dagblöðum, sjónvarpi og netmiðlum.

**Kirkjur Íslands** – Hinn 24. september stóð Húsafriðunarnefnd, Þjóðminjasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands fyrir ráðstefnu um Kirkjur Íslands. Erindi fluttu Þorsteinn Gunnarsson, Jón Torfason, Björk Ingimundardóttir, Sigríður Björk Jóns-



*Þorsteinn Gunnarsson formaður Húsafriðunarnefndar, Hilmar Bjarnason, Geir Hólm og Nikulás Úlfar Másson forstöðumaður Húsafriðunarnefndar*







dóttir, Lilja Árnadóttir, Guðrún Harðardóttir og Gunnar Bollason. Ráðstefnustjóri var Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður.

## Seta í nefndum og stjórnum

Forstöðumaður var á árinu skipaður í ritnefnd ritraðarinnar um Kirkjur Íslands. Aðrir í ritnefnd eru herra Karl Sigurbjörnsson biskup, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og Þorsteinn Gunnarsson, formaður Húsafriðunarnefndar. Ritstjórar eru þeir Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason skjalavörður.

Forstöðumaður var á aðalfundi Rekstrarfélags Sarps sf, gagnasafns í minjavörslu, þann 7. maí 2009, kjörinn í framkvæmdastjórn félagsins. Aðrir í framkvæmdastjórninni eru Anna Guðný Ásgeirsdóttir á Þjóðminjasafni og Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður og safnstjóri Minjasafns Reykjavíkur.

## Ferðir starfsmanna innan lands á árinu 2009

Eitt af megin verkefnum Húsafriðunarnefndar er að veita ráðgjöf um viðhald, viðgerðir, endurbætur og breytingar á eldri húsum á Íslandi. Er það mikið kappsmál að þessu hlutverki sé sinnt af kostgæfni. Farnar voru um 50 ferðir víðs vegar um landið í þessum tilgangi, auk skoðana vegna beiðna um niðurrif húsa. Auk þess krefst samningur Húsafriðunarnefndar og Þjóðminjasafns um viðhald og viðgerðir á húsasafni Þjóðminjasafnsins fjölmargra ferða um allt land.

## Erlend samskipti á árinu 2009

Forstöðumaður sótti tvo fundi stýrihóps um verndun minja við Eystrasalt (Monitoring Group on Cultural Heritage in the Baltic Sea States) á árinu. Annar var haldinn í Slésvík í Þýskalandi 24. til 26. maí og hinn í Gdansk í Póllandi 25. til 27. október.

Guðlaug Vilbogadóttir tók þátt í vinnusmiðju um stafræna skráningu menningarminja sem haldin var í Osló 9. og 10. nóvember 2009, á vegum stýrihóps um verndun minja við Eystrasalt (Monitoring Group on Cultural Heritage in the Baltic Sea States).

Guðmundur L. Hafsteinsson tók þátt í fundi vinnuhóps um varðveislu og viðhald eldri húsa, í Röros í Noregi, sem haldinn var í maí 2009 á vegum stýrihóps um verndun minja við Eystrasalt (Monitoring Group on Cultural Heritage in the Baltic Sea States).

Stýrihóp um verndun minja við Eystrasalt skipa háttsettir starfsmenn í minjavörslu eftirtalinna landa: Noregur, Svíþjóð, Danmörk, Finnland, Eistland, Lettland, Litháen, Rússland, Pólland, Þýskaland og Ísland.

## Samráðsfundir

Á árinu voru haldnir nokkrir fundir með starfsfólki Þjóðminjasafns Íslands um málefni er snerta báðar stofnanir, einkum mál er varða húsasafn Þjóðminjasafnsins. Forstöðumaður átti nokkra fundi með sviðsstjóra Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur til skrafs og ráðagerða.

## Viðurkenningar

Þann 12. desember 2009 veitti Húsafriðunarnefnd Hilmari Bjarnasyni og Geir Hólm viðurkenningu fyrir gott og ósérhlíft starf í þágu húsverndar. Starfsvettvangur þeirra var aðallega á Eskifirði, þar sem þeir stuðluðu að verndun mikilvægra húsa í byggingarsögu þjóðarinnar.

# Friðun húsa

**Húsafriðunarnefnd samþykkti á árinu 2009 að leggja til að eftirfarandi hús verði friðuð. Tillaga þess eðlis var send ráðherra til ákvörðunar.**

**Grandagarður 2, Alliancehúsið, Reykjavík 1924**
Friðunin taki til ytra byrðis.

**Laufásvegur 7, Þrúðvangur, Reykjavík 1918**
Friðunin taki til ytra byrðis og útskorinna hurða og lágmynda í stofum hússins ásamt aðalhurð og stiga.

**Hringbraut 35-49, Reykjavík 1942-44**
Friðunin taki til ytra byrðis.

**Leikvallaskýli, Héðinsvelli við Hringbraut, Reykjavík 1943**
Friðunin taki til ytra byrðis.

**Verkamannbústaðirnir við Hringbraut, Reykjavík 1931-37**
Friðunin taki til ytra byrðis.

**Dagverðarneskirkja**
Á fundi Húsafriðunarnefndar þann11. ágúst 2009 var samþykkt að setja Dagverðarneskirkju á skrá yfir friðuð hús. Kirkjan var endurbyggð 1934 upp úr viðum eldri kirkju sem smíðuð var 1848-1849 af Stefáni Björnssyni snikkara.

## Að fenginni tillögu Húsafriðunarnefndar friðaði mennta- og menningarmálaráðherra eftirtalin hús árið 2009:

**Verbúðir, Grandagarður 15-35, 43-81 og 85-99, Reykjavík 1945-55**
Friðað af menntamálaráðherra 26. mars 2009. Friðun nær til ytra byrðis verbúðanna. Steinsteypuhús. Hönnuðir Eiríkur Einarsson arkitekt og Valgeir Björnsson verkfræðingur.

**Laugarneskirkja við Kirkjuteig Reykjavík 1949**
Friðuð af menntamálaráðherra 16. nóvember 2009. Friðun nær til ytra byrðis kirkjunnar. Steinsteypuhús. Hönnuður Guðjón Samúelsson arkitekt.

**Hafnargata 11, Ríkið, Seyðisfjörður 1918**
Friðað af menntamálaráðherra 24. febrúar 2009. Friðunin nær til ytra byrðis hússins og verslunarinnréttinga á 1. hæð.


*Grandagarður 2, Alliancehúsið, Reykjavík*


*Laufásvegur 7, Þrúðvangur, Reykjavík*


*Hringbraut 35-49, Reykjavík*


*Leikvallaskýli, Héðinsvelli við Hringbraut, Reykjavík*


*Verkamannabústaðir við Hringbraut, Reykjavík*


*Dagverðarneskirkja, Fellströnd*


*Hafnargata 11, Ríkið, Seyðisfirði*


*Laugarneskirkja, Reykjavík*


*Verbúðir Grandagarði, Reykjavík*

# Húsasafn Þjóðminjasafnsins



Hraunskirkja í Keldudal



Viðgerð á baðstofunni í Laufási sumarið 2009

Samkvæmt þjónustusamningi á milli Þjóðminjasafns Íslands og Húsafriðunarnefndar annast Húsafriðunarnefnd umsjón með varðveislu húsa í húsasafni Þjóðminjasafnsins. Húsafriðunarnefnd lætur í þeim tilgangi meta viðgerðarþörf einstakra húsa, gerir verk- og kostnaðaráætlanir, hefur umsjón með hönnunarvinnu, framkvæmdum og annast eftirlit með þeim.

Á árinu 2009 var unnið að viðgerðum margra húsa og voru þær helstu þessar: Á Bustarfelli voru veggir í krókgangi og hlóðaeldhúsi endurhlaðnir og gert við þekjur, á Grenjaðarstað var kampur milli stofu og skemmu tekinn niður og endurhlaðinn, Hraunskirkja í Keldudal var máluð að utan og þak tjargað, á Keldum voru gömlu bæjarhúsin girt varanlegri girðingu og í samvinnu við sóknarnefnd Keldnakirkju og Kirkjugarðaráð var unnið við að endurhlaða norðurvegg kirkjugarðsins sem jafnframt eru traðir við bæjarhúsin, í Laufási var unnið við baðstofuna, veggir endurhlaðnir og þekjan endurnýjuð og gert við timburgrind hússins, í Nesstofu var áfram unnið við ýmsan frágang og var stofan að því loknu opnuð almenningi til sýnis snemmsumars, gert var við glugga og útihurð á pakkhúsinu á Hofsósi og voru gluggarnir að því loknu málaðir, lokið var við framkvæmdir í Reykholtskirkju og gengið frá upphitun kirkjunnar, yfirgripsmiklum viðgerðum á Sómastöðum lauk á árinu og undir lok ársins var byrjað að mála húsið að innan. Við önnur hús var unnið að ýmsu minniháttar viðhaldi en sumum var ekki hægt að sinna vegna fjárskorts. Til viðhalds húsanna var varið 69 milljónum króna árið 2009.

*Guðmundur Lúther Hafsteinsson:*

# Sómastaðir við Reyðarfjörð



*Sómastaðir að lokinni viðgerð sumarið 2010*

Steinhúsið á Sómastöðum við Reyðarfjörð verður tæplega talið mikið um sig eða háloftuð bygging. Það er aðeins um 7,6 m að lengd og 4,9 m á breidd en veggirnir um 70 cm þykkir. En í því felast önnur gildi sem gerir það verðugan fulltrúa í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Húsið er í fallegum hlutföllum, vel byggt og einfaldrar gerðar: Lágur kjallari, hæð og portbyggt ris. Það er hlaðið úr lítt tilhöggnu hellugrjóti úr næsta nágrenni þess og var fyllt á milli steina með jökulleir, sem einnig er nefndur smiðjumór, og er þetta afar fátíður byggingarmáti. Að utan og innan var fúað á milli steinanna með kalkmúr.

Hans Jakob Beck útvegsbóndi byggði steinhúsið á Sómastöðum árið 1875 sem framhús við torfbæ sem stóð norðan við húsið. Mörg dæmi eru þess að timburhús hafi verið byggð sem framhús í lok 19. og í byrjun 20. aldar en það mun hins vegar vera harla fátítt að steinhús hafi verið byggt sem framhús við torfbæ. Hans Jakob fæddist á Eskifirði 1838 og lést 1920. Hann var tvíkvæntur, fyrri kona hans var Steinunn Pálsdóttir (1847-1897) frá Karlaskála og eignuðust þau 13 börn. Seinni kona hans var Mekkin Jónsdóttir (1883-1974) frá Vöðlum í Vöðluvík. Áttu þau saman 10 börn. Af þeim er kominn mikill ættbogi og fjölmargir afkomendur þeirra búa í Fjarðabyggð.

Þegar torfbærinn fór að ganga úr sér var byggt timburhús við vesturgafl steinhússins og var innangengt á milli húsanna. Timburhúsið var síðar rifið og annað minna byggt í stað þess en það skemmdist við það að bifreið var ekið á það en þjóðvegurinn á milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar lá svo að segja meðfram framhlið hússins. Eftir ákeyrsluna var timburhúsið rifið og steinsteyptur inngönguskúr byggður við vesturgaflinn. Steinsteypt íbúðarhús var byggt árið 1950 nokkru norðvestan við steinhúsið og eftir það var það notað sem geymsla.

Ríkissjóður keypti jörðina þegar uppi voru áform um byggingu málmbræðslu við Reyðarfjörð og Þjóðminjasafn Íslands tók við steinhúsinu til varðveislu árið 1989. Lét safnið hefja viðgerð á húsinu á árunum 1991-1992. Þá var steinsteypti inngönguskúrinn rifinn, efsti hluti austurgafls var tekinn niður og endurhlaðinn og skipt um bitana yfir glugghúsinu. Einnig var bárujárn tekið af þaki og rennisúð lögð í staðinn, gluggar endurnýjaðir, nema kjallaragluggar, asbestplötur teknar af gaflhlöðum og þau endursmíðuð og klædd listaþili. Hjörleifur Stefánsson arkitekt hafði umsjón með framkvæmdunum og yfirsmiður var Geir Hólm á Eskifirði. Má fullvíst telja að þessar framkvæmdir hafi bjargað húsinu frá eyðileggingu.

Um langt árabil var ekki unnið að viðgerð hússins en þegar framkvæmdir við byggingu Fjarðaráls við Reyðarfjörð voru að hefjast var aftur farið að huga að húsinu. Árið 2004 gerði Björn Sveinsson verkfræðingur úttekt á húsinu til að meta ástand þess og þörf á fyrirbyggjandi aðgerðum vegna hinna stórtækju bygging-



Unnið að viðgerð múrstofu í janúar 2009

arframkvæmda t.d. hvað varðaði titring vegna sprenginga. Einar S. Hjartarson húsasmíðameistari gerði líka úttekt á Sómastöðum á vegum Húsafriðunarnefndar árið 2006. Gerði hann nokkra grein fyrir ástandi hússins og helstu kostnaðarliðum vegna viðgerðar þess. Þjóðminjasafn Ísland sótti um styrk til viðgerðar steinhússins til Alcoa Foundation og fékkst 16 milljón kr. styrkur til viðgerðarinnar á árunum 2008-2009.

Húsið var mælt og teiknað árið 2007 og mótuð stefna um viðgerð þess. Þar var leitast við að varðveita eins mikið af upprunalegri gerð hússins eins og unnt var eftir heimildum í því sjálfu. Þó var gert ráð fyrir því að einnig yrði tekið tillit til seinni tíma breytinga í þeim tilvikum sem upplýsingar skorti um upprunalegan frágang eða nauðsynlegt þætti til þess að varpa nokkru ljósi á hina löngu sögu hússins. Eftir að framkvæmdir hófust kom ýmislegt í ljóst sem hulið var af seinni tíma viðbótum og breytingum og renndi frekari stoðum undir nánari útfærslu á viðgerð hússins.

Framkvæmdir við húsið hófust í ágúst 2008 og var unnið að lagfæringum á vegghleðslum fram yfir áramótin. Var byrjað neðan frá kjallara og unnið upp veggina en fyrst voru gólfbitar og gólfborð jarðhæðar fjarlægð enda ónýt af fúa. Að kjallaraviðgerðum loknum var nýtt gólf sett í húsið. Texplötur á veggjum og lofti jarðhæðar voru teknar niður og milliþil á jarðhæðinni. Þilið var síðan endursmíðað á upprunalegum stað og í því farið eftir þeim sporum sem fundust í húsinu. Panelborð sem voru undir texplötum í stofunn í innri hluta hússins voru fjarlægð en undir þeim var upprunaleg múrhúðun á steinveggjunum römmuð inn af gólfsyllu, loftsyllu og hornstöfum. Gert var við múrinn, syllur og stafi og múrstofan endurgerð í upprunaleggri mynd. Í eldhúsi í fremri hluta hússins fundust ekki merki um upprunalegan frágang veggja og þar voru panelborð undir texplötum látin halda sér. Á efri hæð hússins var portveggur á framlofti endursmíðaður og gert var við skemmdir í panelklæðningu í herbergi við vesturgafl. Í herbergi í austurenda er upprunalegt spjaldaþil og var gert við fúaskemmdir í því. Raflagnir voru lagðar um húsið til lýsingar og upphitunar og lagt fyrir öryggisbúnaði. Inngönguskúr var byggður við vesturgafl hússins og tekur form hans mið að steinsteypta skúrnum sem þar var fyrrum en efnisvalið tekur mið af listaþili á göflum og rennisúð á þaki steinhússins. Húsið var loks málað að innan en þess gætt að mála það í upprunalegum litum. Þó er óhreifð málning á vegghlutum í eldhúsi, á framlofti og báðum herberjum uppi. Yfirsmiður og byggingameistari var Gunnar Bjarnason húsasmíðameistari, Helgi Sigurðsson múrari og hleðslumaður annaðist viðgerð á steinveggjum, raflagnir annaðist Andrés Elísson rafvirkjameistari og Snorri Guðvarðsson málarameistari sá um málun hússins. Verður ekki látið hjá líða á þessum vettvangi að þakka þeim fyrir vel unnin störf.



Múrstofan að viðgerð lokinni

Þjóðminjasafn Íslands hefur gert samning við Safnastofnun Fjarðabyggðar og Minjasafn Austurlands um að taka við steinhúsinu á Sómastöðum til umsjónar og rekstrar og verður húsið m.a. notað til sýningahalds. Húsið var formlega tekið í notkun 17. ágúst 2010 við opnun sýningar um íbúa hússins og búskaparhætti á Sómastöðum þegar húsið var byggt.

# Kynnisferð Húsafriðunarnefndar um Reykjanes og Vestmannaeyjar 2009

Dagana 9. og 10. júní árið 2009 fór Húsafriðunarnefnd í kynnisferð um Reykjanes og til Vestmannaeyja. Þau sem þátt tóku í ferðinni voru Þorsteinn Gunnarsson formaður, Pétur H. Ármannsson, Einar Njálsson, Guðmundur Þór Guðmundsson, Júlíana Gottskálksdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir Þjóðminjavörður og Nikulás Úlfar Másson forstöðumaður nefndarinnar. Fyrsti viðkomustaður var Kálfatjarnarkirkja í Vogum á Vatnsleysuströnd, þar sem Árni K. Magnússon gjaldkeri sóknarnefndar, Birgir Þórarinsson og Oktavía Ragnarsdóttir frá Minjafélagi Vatnsleysustrandar og Hjálmar Loftsson húsasmiður tóku á móti nefndinni. Eftir að kirkjan hafði veið skoðuð var gengið að gömlu hlöðunni sem hefur verið endurhlaðin eftir að þakið fauk af henni árið 2007 og síðan niður að gamla skólahúsinu sem flutt var frá Norðurkoti, en Hjálmar hefur unnið góðar endurbætur á því undanfarin ár. Því næst sýndu heimamenn nefndinni Ásláksstaði, sem er elsta húsið á Vatnsleysuströnd, byggt árið 1884 úr viðum úr skútunni Jamestown og Kirkjuhvol, samkomuhús kven- og ungmennafélaganna, byggt árið 1935. Þessu næst var haldið til Voga þar sem rústir Stóru Voga voru skoðaðar, en Sverrir Runólfsson hlóð Stóru Voga árið 1871. Gott handverk Sverris má enn sjá í því sem eftir stendur. Við kirkjuna í Innri Njarðvík tóku Einar G. Ólafsson og Sigrún Ásta Jónsdóttir safnstjóri á móti nefndinni og sýndu kirkjuna og gamla íbúðarhúsið sem reist var árið 1906 en hefur nú verið opnað almenningi sem hluti Byggðasafns Reykjanesbæjar. Er komið var að Duus húsum í Keflavík sýndu auk Sigrúnar, Valgerður Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Menningarsviðs og Guðlaugur H. Sigurjónsson framkvæmdastjóri Umhverfis- og skipulagssviðs húsin, sem byggð voru á áttunda áratug 19. aldar og undirgangast nú miklar endurbætur þannig að til prýði er fyrir Reykjanesbæ. Þessu næst var Gamla búð (1870) og Fischershús (1884) athuguð, en bæði þessi hús bíða nú tímabærra endurbóta. Að Útskálum var ný endurbætt kirkja og prestsbústaðurinn, sem verið er að endurgera, skoðað í fylgd Jóns Hjálmarssonar formanns sóknarnefndar. Var gerður góður rómur að þessum staðarbótum. Úti á Garðskaga voru vitarnir athugaðir auk þess sem Byggðasafnið á Garðskaga var skoðað og snædd súpa á Flösinni sem er í sama húsnæði. Sandgerðisviti var skoðaður á leiðinni út á Hvalsnes, þar sem Reynir Sveinsson sýndi kirkjuna og sagði frá sögu hennar auk þess sem áform um endurnýjun glugga og gólfefna voru reifuð. Næst var komið við í Kirkjuvogskirkju í Höfnum, þar sem Ósk Kristinsdóttir formaður sóknarnefndar sýndi kirkjuna. Næstu endurbætur voru ræddar og kom m.a. fram að undurnýja þyrfti útihurðina. Reykjanesviti var skoðaður á leiðinni til Grindavíkur þar sem eftirtalin hús voru skoðuð og tekin út: Kvennó, Kvennfélagshúsið (1929), Flagghúsið, sem áður stóð á lóð Garðhúsa og hefur nýlega hlotið góðar endurbætur, Garðhús (1912), steinsteypt hús sem telst vera mikilvægt í bæjarmyndinni, Lækn-



*Ásláksstaðir, Vogum, Vatnsleysuströnd*



*Stóru-Vogar, Vatnsleysuströnd*



*Innri-Njarðvíkurkirkja, Reykjanesi*



*Vesturbraut 10, Garðhús, Grindavík*



*Duus-hús, Keflavík*



*Hvalsneskirkja, Reykjanesi*



Húsafriðunarnefnd við Landlyst í Vestmannaeyjum

ishúsið sem Guðjón Samúelsson teiknaði árið 1930, hús Einars Einarssonar frá Garðhúsum (Bogesenshús) og gömlu kirkjuna, sem hefur verið afhelguð og er því ekki friðuð. Hún er nú 100 ára og er ætlunin að gera henni til góða á aldarafmælinu. Krýsuvíkurkirkja og húsið í Herdísarvík voru skoðuð á leiðinni út í Selvog, þar sem drukkið var kaffi áður en haldið var að Strandarkirkju þar sem Sylvía Ágústsdóttir sýndi kirkjuna. Þessu næst var haldið til Þorlákshafnar þaðan sem siglt var með Herjólfi til Vestmannaeyja, þar sem gist var á Hótel Þórshamri. Fyrsti viðkomustaður í Eyjum var Landakirkja þar sem Séra Kristján Björnsson sagði frá kirkjunni ásamt Sigurfinni Sigurfinnssyni meðhjálpara. Séra Kristján sýndi einnig stafkirkjuna á Skansinum auk þess sem húsið Landlyst var skoðað. Þessu næst var haldið á skrifstofu tækni- og umhverfissviðs Vestmannaeyja þar sem fundað var með Sigurði Smára Benónýssyni byggingarfulltrúa, Ólafi Þór Snorrasyni framkvæmdastjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs og Kristínu Jóhannesdóttur og Drífu Kristjánsdóttur bæjarfulltrúum. Þar kynnti formaður starfsemi Húsafriðunarnefndar og spunnust í kringum það umræður um gerð húsakannana, endurbætur og viðhald eldri húsa, t.a.m. gamla sjúkrahúsið, auk þess sem heimafólk kynnti gagnavef um sögu Vestmannaeyja, Heimaslóð. Var að lokum sammælst um mikilvægi þess að bæjarstjórn Vestmannaeyja og Húsafriðunarnefnd hefðu gott samráð um viðgang og framtíð byggingararfs Vestmannaeyja. Að loknum fundi hélt nefndin í skoðunarferð um Heimaey undir leiðsögn Kristínar Jóhannesdóttur. Eftirtalið er það helsta sem skoðað var: Eyjabúð og Skvísusund, Samkomuhúsið og Verslun A. Gunnlaugssonar, bæði teiknuð af Gunnlaugi Halldórssyni arkitekt, Pompey norðursins, þar sem verið er að grafa upp hús undan nýja hrauninu, Herjólfsbærinn í Herjólfsdal og Stórhöfði, þar sem Óskar J. Sigurðsson vitavörður spjallaði við hópinn. Að lokinni skoðunarferðinni og kaffisopa í Café Volcano var flogið til Reykjavíkur.



Strandarkirkja, Reykjanesi



Landakirkja, Vestmannaeyjum



Pompei norðursins, Eldheimar, Vestmannaeyjum

# Styrkir 2009

**Breiðletraðir** styrkir eru ákvarðaðir af Fjárlaganefnd í samráði við Húsafriðunarnefnd. Upphæðir eru í þús. króna.

## FJÖLDI UMSÓKNA/STYRKJA





*Ketukirkja á Skaga*

| FRIÐAÐAR KIRKJUR | Byggingarár | Upphæð |
|---|---|---|
| Álftaneskirkja, Mýrum | 1904 | 300 |
| Árneskirkja, Trékyllisvík | 1850 | 300 |
| Blönduóskirkja, eldri | 1894 | 1.200 |
| Breiðabólstaðarkirkja, Fljótshlíð | 1911 | 1.000 |
| Brekkukirkja, Mjóafirði | 1892 | 300 |
| Búrfellskirkja | 1845 | 1.000 |
| Bænhúsið í Furufirði | 1899 | 500 |
| Eiríksstaðakirkja, Jökuldal | 1913 | 500 |
| Fríkirkjan í Reykjavík | 1901 | 0 |
| Gaulverjabæjarkirkja | 1909 | 1.500 |
| Grundarkirkja | 1904 | 300 |
| Gufudalskirkja, Reykhólahreppi | 1908 | 500 |
| Hallgrímskirkja, Vindáshlíð | 1878 | 300 |
| Hjaltastaðakirkja | 1881 | 400 |
| Hofteigskirkja, Jökuldal | 1883 | 500 |
| **Hólskirkja, Bolungarvík** | **1908** | **3.500** |
| Hvammskirkja, Norðurárdal | 1880 | 1.000 |
| Kaldrananeskirkja, Bjarnarfirði | 1851 | 2.000 |
| **Kálfatjarnarkirkja** | **1892** | **1.500** |
| **Ketukirkja** | **1895** | **1.500** |
| Lögmannshlíðarkirkja | 1860 | 300 |
| Minjasafnskirkjan Akureyri | 1846 | 400 |
| Reynistaðarkirkja | 1868 | 300 |
| Sauðaneskirkja | 1888 | 1.000 |



*Norrænahúsið í Reykjavík*

| | | |
|---|---|---|
| Staðarhólskirkja, Gilsfirði | 1899 | 500 |
| Staðarkirkja Aðalvík | 1904 | 500 |
| Stafafellskirkja, Lóni | 1886 | 300 |
| Stafholtskirkja | 1875 | 500 |
| Svínavatnskirkja | 1882 | 500 |
| Urðakirkja | 1902 | 600 |
| Útskálakirkja | 1861 | 0 |
| Villingaholtskirkja | 1911 | 300 |
| | | **23.300** |

## AÐRAR KIRKJUR

| | | |
|---|---|---|
| Sæbólskirkja, Ingjaldssandi | 1924 | 800 |
| | | **800** |

## FRIÐUÐ HÚS

| | | |
|---|---|---|
| Aðalstræti 16, Ísafirði | 1879 | 500 |
| Davíðshús, Bjarkarstígur 6, Akureyri | 1944 | 500 |
| **Faktorshúsið, Djúpavogi** | **1848** | **4.500** |
| **Faktorshúsið, Hæstakaupstað, Ísafirði** | **1788** | **1.500** |
| Fálkahúsið, Hafnarstræti 1-3, Reykjavík | 1868 | 0 |
| **Friðbjarnarhús, Aðalstræti 46, Akureyri** | **1849** | **1.500** |
| Fríkirkjuvegur 3, Reykjavík | 1907 | 400 |
| Grettisgata 11, Reykjavík | 1907 | 250 |
| **Gudmanns Minde, Aðalstræti 14, Akureyri** | **1835** | **3.500** |
| Hamborg, Hafnarstræti 94, Akureyri | 1909 | 1.000 |
| Hofsstofa, Hörgárdal | 1828 | 250 |
| Höephnershús, Hafnarstræti 20, Akureyri | 1911 | 500 |
| Jónassenshús, Aðalstræti 8, Ísafirði | 1845 | 500 |
| Klausturhólar, Flatey, Breiðafirði | 1901 | 500 |
| Landakotsskóli, Reykjavík | 1909 | 1.200 |
| Laugavegur 2, Reykjavík | 1886 | 300 |
| Laxdalshús, Hafnarstræti 11, Akureyri | 1795 | 300 |
| Menntaskólinn í Reykjavík | 1843 | 800 |
| Nonnahús, Aðalstræti 54 A, Akureyri | 1849 | 400 |
| **Norræna húsið, Reykjavík** | **1963** | **1.500** |
| Norska húsið, Stykkishólmi | 1832 | 500 |
| **Pakkhúsið í Ólafsvík** | **1844** | **1.500** |
| Riis-hús, Borðeyri | 1862 | 1.000 |
| Rjómabúið á Baugsstöðum | 1904 | 350 |
| Sigurhæðir, Eyrarlandsvegur 3, Akureyri | 1903 | 500 |
| Skriðuklaustur - Gunnarshús, Fljótsdal | 1939 | 1.400 |
| Smiðshús í Árbæjarsafni, Reykjavík | 1823 | 300 |
| Tjarnargata 22, Reykjavík | 1906 | 500 |
| Tjarnargata 26, Reykjavík | 1908 | 500 |

| | | |
|---|---|---|
| Unuhús, Garðastræti 15, Reykjavík | 1896 | 400 |
| Villa Nova, Aðalgata 23, Sauðárkróki | 1903 | 500 |
| | | **27.350** |



*Rjómabúið á Baugsstöðum, uppmælingateikning Jóns Pálssonar*

## HÚS Á SAFNASVÆÐUM

| | | |
|---|---|---|
| **Bryggjuhúsin, Seyðisfirði** | **1881** | **1.500** |
| **Duus-hús (Bryggjuhúsið), Keflavík** | **1877** | **3.500** |
| Fundarhús Lónmanna, Lóni | 1912 | 300 |
| Gamla-Búð, Svalbarðseyri | 1901 | 0 |
| **Garðahús, Byggðasafni Akraness og nærsveita** | **1876** | **1.500** |
| Geirstaðir, Byggðasafni Akraness og nærsveita | 1903 | 0 |
| Hlíðarendi - beitningaskúr, Grenivík | 1920 | 150 |
| Mikligarður - verbúð, Höfn | 1918 | 1.000 |
| **Sandar, Byggðasafni Akraness og nærsveita** | **1901** | **1.500** |
| **Vjelasmiðja Jóhanns Hanssonar, Seyðisfirði** | **1907** | **1.500** |
| | | **10.950** |

## REYKJAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| Ásvallagata 26 | 1930 | 0 |
| Ásvallagata 64 | 1934 | 400 |
| Bankastræti 10 | 1902 | 200 |
| Bergstaðastræti 14 | 1923 | 0 |
| Bergstaðastræti 22 | 1893 | 300 |
| Bergþórugata 41-45 | 1919 | 0 |
| Bjarkargata 8 | 1927 | 0 |
| Bókhlöðustígur 6 C | 1927 | 0 |
| Brattagata 3 B | 1905 | 300 |
| Brekkustígur 5 A | 1901 | 200 |
| Drafnarstígur 7 | 1897 | 200 |
| Einarsnes 58 | 1905 | 200 |
| Flókagata 61 | 1951 | 0 |
| Frakkastígur 15 | 1904 | 0 |
| Framnesvegur 26 A | 1923 | 0 |
| Freyjugata 3 | 1921 | 0 |
| Grenimelur 32-34 | 1944 | 0 |
| Grundarstígur 10 | 1915 | 0 |
| Grundarstígur 4 | 1925 | 0 |
| Hjallavegur 37 | 1946 | 0 |
| Hverfisgata 12 | 1910 | 500 |
| Hverfisgata 35 | 1907 | 500 |
| Hverfisgata 37 | 1905 | 200 |


*Ásvallagata 64, Reykjavík*

| | | |
|---|---|---|
| Ingólfsstræti 20 | 1905 | 300 |
| Ingólfsstræti 22 | 1905 | 400 |
| **Kirkjutorg 4** | **1899** | **3.500** |
| Laufásvegur 5 | 1879 | 500 |
| Laufásvegur 34 | 1908 | 100 |
| Laufásvegur 59 | 1926 | 0 |
| Laugavegur 49 | 1919 | 700 |
| Laugavegur 72 - vesturhluti | 1901 | 500 |
| Miðstræti 5 | 1907 | 250 |
| Mjóstræti 2 | 1902 | 300 |
| Mjóstræti 6 | 1918 | 0 |
| Miðstræti 10 | 1903 | 200 |
| Njálsgata 8 C | 1928 | 0 |
| Nýlendugata 5 A | 1898 | 250 |
| Nýlendugata 11 A | 1914 | 0 |
| Nýlendugata 18 | 1901 | 0 |
| Skaftahlíð 1-3 | 1948 | 0 |
| Skeljatangi 5 | 1967 | 300 |
| Skildinganes 15 | 1874 | 200 |
| Skólavörðustígur 28 | 1922 | 0 |
| Sogavegur 119 | 1930 | 0 |
| Sólvallagata 6 | 1927 | 0 |
| Suðurgata 8 - nyrðri hluti | 1884 | 0 |
| Sundaborg 1-15 | 1972 | 0 |
| Tryggvagata 10 | 1905 | 0 |
| Tryggvagata 12 | 1904 | 0 |
| Túngata 34 | 1926 | 0 |
| Urðarstígur 11 | 1921 | 100 |
| Verkamannabústaðirnir við Hringbraut | 1931 | 1.000 |
| Vesturgata 21 | 1883 | 200 |
| Vitastígur 18 A | 1920 | 0 |
| Þingholtsstræti 2-4 | 1884 | 500 |
| Þingholtsstræti 8 - 8 B | 1903 | 800 |
| Þingholtsstræti 15 A | 1919 | 200 |
| Þórsgata 19 | 1922 | 0 |
| | | **13.300** |

## REYKJANES

| | | |
|---|---|---|
| Minjareitur Kálfatjörn | | 0 |
| **Skjaldbreið - hlaða, Kálfatjörn** | **1857** | **500** |
| **Norðurkot, Kálfatjörn** | **1903** | **500** |
| Breiðabólsstaðir, Álftanesi | 1884 | 300 |
| Víkurbraut 2, Grindavík | 1890 | 200 |
| Vesturbraut 10, Grindavík | 1865 | 0 |

| | | |
|---|---|---|
| **Útskálar - Gamla prestssetrið** | **1889** | **500** |
| Skagabraut 76, Garði | 1920 | 0 |
| Álafossverksmiðjan gamla, Mosfellsbæ | 1905 | 500 |
| Leirvogstunga, Mosfellsbæ | 1898 | 0 |
| | | **2.500** |



*Álafossverksmiðjan, Mosfellsbæ*

## VESTURLAND

| | | |
|---|---|---|
| Bókhlöðustígur 17, Stykkishólmi | 1907 | 300 |
| **Englendingavík, Borgarnesi** | **1884** | **3.500** |
| Galtarholt II við Langá | 1895 | 0 |
| Hallbjarnareyri, Eyrarsveit | 1936 | 0 |
| Halldórsfjós, Hvanneyri | 1928 | 300 |
| Háafell, Skorradal | 1930 | 200 |
| Hlíðartúnshús, Borgarnesi | 1919 | 400 |
| **Mjólkursamlagshúsið, Borgarnesi** | **1936** | **3.500** |
| **Ólafsdalur - skólahús** | **1896** | **3.500** |
| Sauðafell, Dölum | 1897 | 2.000 |
| Skólastígur 8, Stykkishólmi | 1885 | 200 |
| | | **13.900** |

## HLUTFALLSLEG SKIPTING STYRKJA, ÁR 1994 - 2009




## VESTFIRÐIR

| | | |
|---|---|---|
| Aðalstræti 31 | 1945 | 0 |
| Aðalstræti 37, Ísafirði | 1873 | 600 |
| Aðalstræti 59 | 1906 | 200 |
| Arnarnúpur, Keldudal | 1938 | 300 |
| Barnaskólinn Arnarnúpi, Keldudal | 1911 | 300 |



*Norðurkot, Vatnsleysuströnd*

| | | |
|---|---|---|
| **Brjánslækur - gamli prestsbústaðurinn (núv. íbúðarhús)** | **1912** | **500** |
| **Búðin, Króksfjarðarnesi** | **1905** | **1.500** |
| **Eyrardalur, Súðavík** | **1890** | **500** |
| Eyrargata 7, Suðureyri | 1909 | 50 |
| Fjarðargata 13, Þingeyri | 1904 | 300 |
| Fjarðargata 4 A, Þingeyri | 1881 | 300 |
| Fjarðargata 5, Þingeyri | 1915 | 300 |
| **Gamla kjötfrystihúsið, Norðurfirði** | **1960** | **500** |
| **Hafnargata 41, Bolungarvík** | **1902** | **3.500** |
| Hvilft, Flateyri | 1911 | 0 |
| Kollafjarðarnes - íbúðarhús | 1925 | 0 |
| Láginúpur - Hesthúsið, Kollsvík | | 0 |
| **Miðstræti 3, Bolungarvík** | **1900** | **500** |
| **Mjallargata 5, Ísafirði** | **1856** | **500** |
| **Rafstöðvarhúsið Bíldudal** | **1918** | **1.500** |
| Silfurgata 6, Ísafirði | 1905 | 0 |
| Silfurgata 7, Ísafirði | 1906 | 0 |
| **Síldarverksmiðjan Djúpavík** | **1935** | **3.500** |
| **Smiðjan Bíldudal** | **1894** | **500** |
| Staður - prestshús, Aðalvík | 1907 | 0 |
| Sveinseyri, Tálknafirði | 1880 | 200 |
| **Uppsalir, Selárdal** | **1931** | **500** |
| **Vatneyrarbúð, Patreksfirði** | **1918** | **1.500** |
| Vegamót, Bíldudal | 1893 | 300 |
| Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar | 1913 | 0 |
| **Vélsmiðjan, Patreksfirði** | **1900** | **1.500** |
| Þvergata 3, Ísafirði | 1856 | 250 |
| | | **19.600** |

## NORÐURLAND

| | | |
|---|---|---|
| Aðalgata 11, Blönduósi | 1907 | 400 |
| **Aðalgata 16, Sauðárkróki** | **1887** | **1.500** |
| Aðalgata 25, Siglufirði | 1861 | 200 |
| Aðalstræti 10, Akureyri | 1902 | 100 |
| Aðalstræti 24, Akureyri | 1901 | 300 |
| **Árnes, Skagaströnd** | **1899** | **500** |
| Bragholt, Vegamótum, Dalvík | 1902 | 0 |
| Brekkugata 5, Akureyri | 1908 | 300 |
| Brekkugata 13, Akureyri | 1904 | 0 |
| Brekkugata 2, Hvammstanga | 1910 | 0 |
| Grímstunga, Vatnsdal | 1921 | 200 |
| Gróðrarstöðin, Akureyri | 1905 | 300 |
| **Hafnarstræti 53, Akureyri** | **1900** | **1.500** |

| | | |
|---|---|---|
| **Hafnarstræti 88, Akureyri** | **1900** | **1.500** |
| **Hávegur 60, Siglufirði** | **1894** | **500** |
| Héðinshöfði, Tjörnesi | 1880 | 300 |
| Hvanneyrarbraut 66, Siglufirði | 1907 | 300 |
| Jóakimshús, Siglufirði | 1914 | 200 |
| Kornsá - Sýslumannshúsið, Vatnsdal | 1879 | 300 |
| **Kvennaskólinn Blönduósi** | **1911** | **6.000** |
| Laxamýri - gamla veiðihúsið, Aðaldal | 1874 | 300 |
| Lindargata 13, Sauðárkróki | 1875 | 150 |
| Lundargata 8, Akureyri | 1898 | 0 |
| Lækjargata 6, Akureyri | 1886 | 200 |
| Reykir - hjallur, Reykjadalsströnd | | 100 |
| Saurar - íbúðarhús, Miðfirði | 1930 | 200 |
| Skógargata 7, Sauðárkróki | 1856 | 0 |
| Stefánsfjós, Möðruvöllum, Hörgárdal | 1902 | 300 |
| Tyrfingsstaðir, Kjálka, Skagafirði | 1920 | 300 |
| Vegamót, Dalvík | 1914 | 200 |
| Wathnehús, Akureyri | 1895 | 300 |
| | | 16.450 |



*Útskálar, Garði*

## ÚTHLUTUNARFÉ EFTIR ÁRUM




## AUSTURLAND

| | | |
|---|---|---|
| Austurvegur 3, Seyðisfirði | 1908 | 200 |
| Austurvegur 23, Seyðisfirði | 1898 | 200 |
| Austurvegur 42, Seyðisfirði | 1907 | 400 |



*Smiðjan Bíldudal*

| | | |
|---|---|---|
| Bakkaeyrarhús, Borgarfirði eystri | 1897 | 0 |
| Berufjörður - gamli bærinn | 1925 | 0 |
| Bjarg í Papey | 1900 | 100 |
| Bjólfsgata 8, Seyðisfirði | 1907 | 400 |
| Búðavegur 8, Fáskrúðsfirði | 1900 | 200 |
| Fjörður 1, Seyðisfirði | 1906 | 300 |
| **Gamla Kaupfélagshúsið, Breiðdalsvík** | **1906** | **3.500** |
| **Hafnarbyggð 4, Vopnafirði** | **1884** | **1.500** |
| Hafnargata 15, Fáskrúðsfirði | 1886 | 150 |
| Hafnargata 42, Seyðisfirði | 1921 | 400 |
| Halldórshús, Bakkafirði | | 500 |
| **Hótel Framtíð, Djúpavogi** | **1905** | **1.500** |
| Jórvík, Breiðdal | 1928 | 200 |
| Norðurgata 2, Seyðisfirði | 1919 | 200 |
| Norðurgata 6, Seyðisfirði | 1902 | 400 |
| Sólhóll, Hraun 1, Djúpavogi | 1930 | 200 |
| **Tangi, Hafnargata 17, Fáskrúðsfirði** | **1895** | **1.500** |
| Vesturvegur 3, Seyðisfirði | 1906 | 400 |
| Vesturvegur 4, Seyðisfirði | 1903 | 400 |
| Vesturvegur 5, Seyðisfirði | 1878 | 400 |
| **Þiljuvellir 11, Neskaupstað** | **1912** | **1.500** |
| | | **14.550** |

## SUÐURLAND

| | | |
|---|---|---|
| Austur-Meðalholt, Flóa | 1895 | 200 |
| Austurvegur 11 B, Vík | 1908 | 0 |
| Búðarstígur 12, Eyrarbakka | 1888 | 300 |
| Búðarstígur 14 A, Eyrarbakka | 1887 | 200 |
| Efri-Hvoll, Hvolhreppi | 1908 | 0 |
| Einkofi, Eyrarbakka | 1915 | 200 |
| **Félagsheimilið Dagsbrún, Skarðshlíð** | **1927** | **500** |
| **Gamla Borg, Grímsnesi** | **1929** | **1.500** |
| Hamragarðar, Rangárþingi eystra | 1908 | 200 |
| **Kaupfélagshúsið, Hafnarbraut 2, Höfn** | **1897** | **3.500** |
| **Pompei norðursins, Vestmannaeyjum** | **1973** | **1.500** |
| Sauðhúsvöllur, Rangárþingi eystra | 1800 | 200 |
| **Skaftholtsréttir, Gnúpverjahreppi** | **1954** | **1.500** |
| Stíflisdalur, Þingvallasveit | 1927 | 0 |
| Tindfjallaskáli (Skáli ÍSALP) | 1945 | 0 |
| **Tryggvaskáli, Selfossi** | **1890** | **1.500** |
| **Víkurbraut 17, Vík** | **1958** | **1.500** |
| Víkurbraut 21, Vík | 1903 | 0 |
| **Víkurbraut 28, Vík** | **1831** | **1.500** |
| Víkurbraut 40 A, Vík | 1958 | 0 |

| | | |
|---|---|---|
| **Þingborg, Flóa** | **1927** | **500** |
| Þrúðvangur 35, Hellu | 1942 | 200 |
| Ölvisholt I, Hraungerðishreppi | 1924 | 0 |
| | | **15.000** |

## RANNSÓKNAVERKEFNI

| | |
|---|---|
| Bók um Manfreð Vilhjálmsson | 900 |
| Byggingasögulegar rannsóknir á friðuðum kirkjum | 5.750 |
| Hvað verður um Hólavallakirkjugarð? | 0 |
| Rit um sögu Teiknistofu Gísla Halldórssonar | 600 |
| Saga byggingartækninnar - sýning/fræðslustofa | 300 |
| Smiðshús í Árbæjarsafni | 300 |
| Verk Sigvalda Thordarson | 600 |
| Verkamannabústaðirnir | 600 |
| Vinna við upplýsingaöflun um útihús í Borgarnesi og skráningu þeirra | 0 |
| Örsýning á byggingahlutum og frágangi þeirra | 100 |
| | **9.150** |



## BÆJA- OG HÚSAKANNANIR

| | |
|---|---|
| Bæja- og húsakönnun Akranesi | 1.000 |
| Bæja- og húsakönnun Bíldudal og Patreksfirði (Vesturbyggð) | 1.500 |
| Bæja- og húsakönnun Blönduósi | 1.000 |
| Bæja- og húsakönnun Borgarnesi | 1.500 |
| Bæja- og húsakönnun Fjarðabyggð | 2.000 |
| Bæja- og húsakönnun í Skorradal | 500 |
| Bæja- og húsakönnun Reykjanesbæ | 2.000 |
| Bæja- og húsakönnun Sandgerði | 1.000 |
| Bæja- og húsakönnun Stokkseyri | 1.000 |
| Bæja- og húsakönnun Vogum | 500 |
| Fundarhús og skólar í sveitum landsins frá fyrri hluta 20. aldar | 1.500 |
| Uppmæling á húsum í Djúpavogshreppi | 1.500 |
| | **15.000** |



## STYRKIR ÚR HÚSAFRIÐUNARSJÓÐI 2006 - 2009




## SAMANTEKT STYRKJA

| | Fjöldi umsókna* | Fjöldi styrkja | Fjárlaga-nefnd | Húsafrið-unarsjóður | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Friðaðar kirkjur | 32 | 30 | 6.500 | 16.800 | 23.300 |
| Aðrar kirkjur | 1 | 1 | 0 | 800 | 800 |
| Friðuð hús | 33 | 32 | 14.000 | 13.350 | 27.350 |
| Hús á safnasvæðum | 10 | 8 | 9.500 | 1.450 | 10.950 |
| Reykjavík | 67 | 29 | 3.500 | 9.800 | 13.300 |
| Reykjanes | 10 | 6 | 1.500 | 1.000 | 2.500 |
| Vesturland | 11 | 9 | 10.500 | 3.400 | 13.900 |
| Vestfirðir | 32 | 24 | 16.500 | 3.100 | 19.600 |
| Norðurland | 31 | 26 | 11.500 | 4.950 | 16.450 |
| Austurland | 24 | 22 | 9.500 | 5.050 | 14.550 |
| Suðurland | 23 | 16 | 13.500 | 1.500 | 15.000 |
| Rannsóknaverkefni | 11 | 8 | 0 | 9.150 | 9.150 |
| Húsakannanir | 12 | 12 | 0 | 15.000 | 15.000 |
| | **297** | **223** | **96.500** | **85.350** | **181.850** |

** Þar af eru nýjar umsóknir 77 og 54 umsóknir frá Fjárlaganefnd.*

Skýrsla um starf Húsafriðunarnefndar og yfirlit yfir styrkveitingar úr Húsafriðunarsjóði

Húsafriðunarnefnd 2010
Nikulás Úlfar Másson

Myndir á forsíðu:
Laugarneskirkja Í Reykjavík, Hafnargata 11, Ríkið, á Seyðisfirði og gömlu verbúðirnar Grandagarði í Reykjavík

Prentvinnsla og hönnun
Prentsmiðjan Oddi

*Öll réttindi áskilim.*
*Eftirprentun og ljósritun heimil ef uppruna er getið.*

**Heimasíða Húsafriðunarnefndar: husafridun.is**

Hægt er að nálgast eftirtalin rit á vef Húsafriðunarnefndar:
**Trégluggar** í timburhúsum
**Gömul timburhús.** Útveggir, grind og klæðning
**Steinuð hús.** Varðveisla, viðgerðir, endurbætur og nýsteining
**Uppmæling húsa.** Uppmælingatækni, fyrirlestrar og dæmi
**Ágrip af byggingarsögu**

**Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana**
Skráningarhugbúnaður fyrir skráningu og mat á varðveislugildi húsa er hægt að nálgast á skrifstofu

**Skrá yfir friðuð hús** er uppfærð á vef Húsafriðunarnefndar

## KIRKJUR ÍSLANDS

Kirkjur Íslands er grundvallarrit um friðaðar kirkjur á Íslandi frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu.

**Rit 1:** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Hrepphólakirkja, Hrunakirkja og Tungufellskirkja.

**Rit 2:** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Hraungerðiskirkja, Ólafsvallakirkja, Stóra-Núpskirkja og Villingaholtskirkja.

**Rit 3:** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Bræðratungukirkja, Búrfellskirkja, Miðdalskirkja, Mosfellskirkja og Torfastaðakirkja.

**Rit 4**: Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Eyrarbakkakirkja, Gaulverjabæjarkirkja, Kotstrandarkirkja, Stokkseyrarkirkja, Strandarkirkja, Úlfljótsvatnskirkja og Þingvallakirkja.

**Rit 5:** Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi: Goðdalakirkja, Hvammskirkja, Ketukirkja, Reykjakirkja, Reynistaðarkirkja, Sauðárkrókskirkja, Silfrastaðakirkja, Sjávarborgarkirkja og Víðimýrarkirkja.

**Rit 6:** Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi: Barðskirkja, Fellskirkja, Grafarkirkja, Hofskirkja, Hofsstaðakirkja, Hóladómkirkja, Knappsstaðakirkja og Viðvíkurkirkja.

**Rit 7:** Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi: Árneskirkja, Kaldrananeskirkja, Kollafjarðarneskirkja, Staðarkirkja í Steingrímsfirði, Breiðabólstaðarkirkja, Kirkjuhvammskirkja, Staðarbakkakirkja, Staðarkirkja í Hrútafirði,
Vesturhópshólakirkja og Víðidalstungukirkja.

**Rit 8:** Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi: Auðkúlukirkja, Bergsstaðakirkja, Blönduóskirkja, Bólstaðarhlíðarkirkja, Hofskirkja, Holtastaðakirkja, Svínavatnskirkja, Undirfellskirkja og Þingeyrakirkja.

**Rit 9:** Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi: Bakkakirkja, Bægisárkirkja, Glæsibæjarkirkja, Kvíabekkjarkirkja, Miðgarðakirkja, Möðruvallakirkja í Hörgárdal, Ólafsfjarðarkirkja, Tjarnarkirkja, Urðakirkja og Vallakirkja.

**Rit 10:** Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi: Akureyrarkirkja, Grundarkirkja, Hólakirkja, Lögmannshlíðarkirkja, Minjasafnskirkja, Munkaþverárkirkja, Möðruvallakirkja í Eyjafirði og Saurbæjarkirkja.

**Rit 11**: Friðaðar kirkjur í Kjalarnessprófastsdæmi: Hvalsneskirkja, Kálfatjarnarkirkja, Keflavíkurkirkja, Kirkjuvogskirkja, Krýsuvíkurkirkja, Landakirkja, Njarðvíkurkirkja og Útskálakirkja.

**Rit 12:** Friðaðar kirkjur í Kjalarnessprófastsdæmi: Bessastaðakirkja, Brautarholtskirkja, Fríkirkjan í Hafnarfirði, Hafnarfjarðarkirkja, Lágafellskirkja, Reynivallakirkja, Saurbæjarkirkja og Hallgrímskirkja í Vindáshlíð.

**Rit 13:** Friðaðar kirkjur í Borgarfjarðarprófastsdæmi: Akraneskirkja, Fitjakirkja, Gilsbakkakirkja, Hvanneyrarkirkja,
Inna-Hólmskirkja, Leirárkirkja, Reykholtskirkja, Stóra-Áskirkja.

**Rit 14:** Friðaðar kirkjur í Borgarfjarðarprófastsdæmi: Akrakirkja, Álftaneskirkja, Álftártungukirkja, Borgarkirkja, Hjarðarholtskirkja, Hvammskirkja, Stafholtskirkja.